



Fundur háskólaráðs 13. desember 2001

Fundargerð

Málsnúmer: HI01010071

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundir, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir

Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 10.12.2001 09:39:59

Dags: 13.12.2001

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169 2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4302/4303/4041

Fax: 525 4038

20/2001

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2001, fimmtudaginn 13. desember var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13.30.

1. Erindi til háskólaráðs

1.1 Lögð fram til samþykktar drög að reglum um Lagastofnun Háskóla Íslands, Raunvísindastofnun Háskólans og Líffræðistofnun Háskólans.

- Reglur stofnananna þriggja samþykktar einróma.

1.2 Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneytinu dags. 28. nóvember 2001 þar sem óskað er eftir að háskólaráð tilnefni einn fulltrúa til setu í Íslenskri málnefnd um fjögurra ára skeið frá 1. janúar 2002.

Sigríður Sigurjónsdóttir dósent gefur kost á sér til áframhaldandi setu í Íslenskri málnefnd, Eiríkur Rögnvaldsson prófessor gefur kost á sér sem varamaður.

- Samþykkt einróma.

2. Mál til fróðleiks

2.1 Lagðar fram upplýsingar frá Þorsteini Vilhjálmsyni um Vísindavefinn.

- Háskólaráð lýsir ánægju sinni yfir þróun Vísindavefjarins.

2.2 Lögð fram fundargerð kjaranefndar frá 11. desember sl. þar sem fyrir var tekið: Að taka ákvörðun um laun og önnur starfskjör prófessora.

3. Mál á dagskrá

3.1 Samningar við menntamálaráðuneyti um fjármögnun kennslu og rannsókna.

Rektor gerði ítarlega grein fyrir framlögðum drögum að samningi milli Háskóla Íslands annars vegar og menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis hins vegar um rannsóknir, og drögum að viðauka við samning milli sömu aðila um kennslu til fyrsta háskólaprófs, embættisprófs og meistaraþrófs og fjárhagsleg samskipti. Ingjaldur Hannibalsson og Halldór Jónsson skýrðu ýmis atriði.

Málið var rætt í þaula.

3.2 Framhald umfjöllunar um skiptingu fjárveitinga fyrir árið 2002.

- Frestað til næsta fundar.

Fleira var ekki gert.
Fundi slitið kl. 15.50.